

Dóminum að fullnægja, áður 8 vikur sjeu liðnar frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 4. júlímánaðar.
 Nr. 4/1898: Björn Bjarnarson
 gegn
 Finnboga Árnasyni og Kristjáni Þorgrímssyni.

Dómur:

Vorið 1897 var það áformað, að hinn stefndi Finnbogi Árnason tæki til ábúðar í fardögum það ár ásamt aðalábýli sínu, Syðri-Reykjum í Mosfells-sveit, eignarhluta sinn $\frac{1}{3}$ úr nágrannajörðinni Reykjakoti með Stekkjarkoti, sem áfrýjandi hafði um nokkurt árabil fyrirfarandi einn haft til ábúðar, og fjekk Finnbogi í þessu skyni hinn 4. maí-mán. 1897 tilnefnda af sýslumanni 2 menn til að skipta úr $\frac{1}{3}$ af túni og engjum Reykjakots með Stekkjarkoti, og framkvæmdu menn þessir skiptinguna 24. maí næst á eptir, að undangenginni brjeflegri aðvörun til beggja hlutaðeigenda, áfrýjanda og Finnboga, en af þeim mætti þó eiginema Finnbogi og var viðstaddur gjörðina, en áfrýjandi vildi eigi vera þar við, þótt hann vissi af gjörðinni og á hann væri skorað að gæta rjettar síns, og mótmælti hann að eins gildi hennar, er henni var að mestu lokið. Með þessari gjörð var ákveðið, hvað af túni og engjum í Reykjakoti með

Stekkjarkoti skyldi fylgja þriðjungi jarðarinnar, og gjörðu hinir tilnefndu menn brjef um það og settu merki þar er þurfa þótti. Hinn 5. júní f. á. fór fram úttekt á $\frac{1}{3}$ Reykjakots og Stekkjar-kots í hendur Finnboga, og fór þá áfrýjandiinn því fram, að úttektarmenn gjörðu skiptingu á túni og engjum milli þeirra Finnboga, samkvæmt 33. gr. í lögum um ábúð og úttekt jarða 12. jan. 1884, en Finnbogi mótmælti nýrri skiptingu og kvaðst taka í sinn hluta það, er álitid hefði verið þriðjungur af túni og slægjum í gjörðinni 24. maí, og varð þá eigi af neinni skiptingu af hendi úttektarmanna. Áfrýjandi var þó stöðugt óánægður með skiptin 24. maí, og fjekk hann því 3. ág. f. á. útnefnda af sýslumanni 4 yfirmatsmenn til að skipta úr Reykjakoti með Stekkjarkoti $\frac{1}{3}$ túns og slægna til handa Finnboga Árnasyni, og gjörðu þessir 4 menn ný skipti á þessu hinn 8. ágúst, sem voru nokkuð öðruvísi en hin fyrri skiptin 24. maí f. á. Við þessa yfirurskiptagjörð, sem áfrýjandinn og Finnbogi voru báðir boðaðir til, var áfrýjandinn viðstaddur, en Finnbogi ekki, og áleit hann sjer ekki skylt að sinna gjörðinni að neinu, þar sem hún átti fram að fara og fór fram á helgum degi (sunnudegi). Áfrýjandinn aptur á móti hjelt fram yfirurskiptagjörð þessari sem löglegum skiptum á slægjum og túni jarðanna, og 11. ágúst f. á. tók hann með mönnum sínum heim til sín, þótt Finnbogi reyndi að afstýra því og mótmælti því, 10 hesta af töðu, er Finnbogi hafði að nokkru látið slá, en áfrýjandi að nokkru, á stykki af túninu í Reykjakoti, er áfrýjanda var út-

hlutað með yfirmatsgjörðinni 8. ágúst, en sem skipt var þriðjungi jarðarinnar (5: í hluta Finnboga) með gjörðinni 24. maí f. á. Svo hirti og áfrýjandi heim til sín 5 hesta af útheyi og nokkuð af torfi af þeim hluta af engjunum, er honum var úthlutaður við síðari skiptin, en Finnboga við fyrri skiptin. Út af þessari töku á heyi og torfi höfðaði stefndi Finnbogi Arnason mál gegn áfrýjandanum og var það dæmt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 14. desbr. f. á. þannig, að yfirúrskiptagjörðin 8. ágúst f. á. var dæmd ógild vera og áfrýjandinn dæmdur til að skila Finnboga aptur umræddu heyi og torfi, eða andvirði þess eptir mati óvilhallra, dómkvaddra manna og í málskostnað skyldi áfrýjandi greiða Finnboga 30 kr.

Þessum dómi hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 21. jan. þ. á., og krafizt þess fyrir yfirdóminum, að hann verði sýkn dæmdur af kröfum og kærum Finnboga Árnasonar í máli þessu, en hann dæmdur til að greiða sjer allan kostnað málsins fyrir undir- og yfirdómi að skaðlausu eða eptir mati yfirdómsins, svo og til að greiða hæfilega sekt fyrir óþarfa málsýfing. Ennfremur, að umboðsmaður Finnboga fyrir undir- rjetti, hinn stefndi Kristján Þorgrímsson kaupmaður, verði dæmdur í hæfilega sekt fyrir ósæmilegan rithátt og ærumeiðandi aðdróttunum sig í sóknarskjali fyrir undirrjettinum og að meidyrðin verði dæmd dauð og ómerk. Hinn stefndi Finnbogi Árnason hefur aptur á móti krafizt þess, að aukarjettardómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað allan

fyrir yfirdómi með 30 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Hinn stefndi Kristján Þorgrímsson hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hann verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum áfrýjandans í þessu máli og áfrýjandinn skyldaður til að greiða sjer í málskostnað fyrir yfirdómi 15 kr. eða eitthvað nægilegt eptir mati rjettarins.

Eins og minnzt hefur verið á hjer að fram- an, var yfirúrskiptagjörðin 8. ágúst f. á. fram- kvæmd á helgum degi, og var hún því þegar af þeirri ástæðu ólögmaet og marklaus, þar sem stefndi Finnbogi Árnason tók eigi eða ljet taka þátt í henni af sinni hálfu, heldur mótmælti henni einmitt af greindri ástæðu. Og það er einnig á- tyllulaust með öllu, er áfrýjandinn heldur fram, að Finnbogi hafi síðar samþykkt gjörðina með því að nota landið eptir henni. Aukarjettardómurinn er því rjettur, að því leyti sem hann dæmir gjörð þessa ógilda.

Að öðru leyti eru úrslit málsins komin undir því, hvort álitid verður, að Finnboga hafi verið löglega úthlutað í sinn hluta stykkjum þeim, er umþrætt hey og torf var tekið á, eða með öðrum orðum, hvort úrskiptagjörðin 24. maí f. á. hafi verið lögmaet, en í því tilliti skal það tekið fram, að þótt ýmislegt hefði mátt finna að gjörð þessari áður, þá verður eigi betur sjeð en að áfrýjandinn hafi, er hann beiddist og ljet framkvæma yfir- úrskiptagjörðina eða yfirmatsgjörðina 8. ágúst f. á. á sama grundvelli og gjörðin 24. maí f. á., sam- þykkt með því að öllu lögmaeti fyrri gjörðarinnar, svo að hann geti nú eigi, þótt yfirúrskiptagjörðin,

er á henni var byggð, hafi reynzt ólögmæt fyrir formgalla, neitað gildi hinnar fyrri gjörðar, þótt einhverjir gallar kunni að hafa á henni verið. Það verður því að álíta, að stefnda, Finnboga Árnasyni, hafi 11. ágúst f. á. tilheyrt afnot af blettum þeim, er umrætt hey og torf var tekið af, og ber því að skylda áfrýjanda til að endurgjalda stefnda, Finnboga, 10 hesta af töðu og 5 hesta af úthei eptir verði þess í ágústmán. 1897 að mati óvilhallra, dómkvaddra manna. Um endurgjald fyrir torftöku og torfskurð verður aptur eigi dæmt, með því að krafan um það er eigi nægilega ákveðin.

Að því er snertir kröfu áfrýjandans um sekt á stefnda Kristján Þorgrímsson fyrir ósæmilegan rithátt og um ómerking meiðyrða þeirra, er honum þykja á sig borin, þá þykir eigi vera ástæða til að taka hana til greina. Ákvæði undirjettar-dómsins um málskostnað samþykkjast, og ber áfrýjanda einnig að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, 20 kr. til hins stefnda Finnboga Árnasonar og 10 kr. til hins stefnda Kristjáns Þorgrímssonar.

Því dæmist rjett vera:

Yfirúrskiptagjörðin 8. ágúst f. á. á ógild að vera. Áfrýjandinn Björn Bjarnarson skili stefnda Finnboga Árnasyni aptur ofangreindum 10 hestum af töðu og 5 hestum af úthei, eða endurgjaldi honum þá eptir verði á heyi í ágústmán. 1897, að mati 2ggja óvilhallra, dómkvaddra manna. Um málskostn-

að á aukarjettardómurinn að vera oraskaður, og ber áfrýjanda auk þess að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, 20 kr. til stefnda Finnboga Árnasonar og 10 kr. til stefnda Kristjáns Þorgrímssonar.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Nr. 14/1898: Hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps
 gegn
 Jónasi Helgasyni, Kristni Einarsyni, Magnúsi Eiríkssyni og Guðjóni Bjarnasyni.

D ó m u r :

Haustið 1896 lagði hreppsnefndin í Norðfjarðarhreppi aukaútsvar á hina stefndu, sunnlenzka sjóróðramenn, er dvalið höfðu þá um sumarið í hreppnum og stundað þar fiskiveiðar um 4 mánaða tíma. Krafðist hreppsnefndin þess, að bæjarfógetinn í Reykjavík, þar sem hinir stefndu áttu heimili, tæki lögtaki útsvörin, sem voru 2 kr. 50 a. á stefnda Jónasi Helgasyni, en 2 kr. á hverjum hinna, en bæjarfógetinn neitaði með úrskurði, kveðnum upp í fógetarjetti í Reykjavík 21. sept. f. á., að framkvæma lögtakið, og áfrýjaði þá hreppsnefndin þeim úrskurði til yfirdómsins með stefnu, dags. 20. marz þ. á

Áfrýjandinn hefur krafizt þess fyrir yfirdómi, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og fó-